Í tilefnisflokinn **„Langvinnur heilsuvandi"** eru skráð öll samskipti við nemendur eða forráðamenn sem tengd eru langvinnum heilsuvanda, fötlun eða lyfjatöku hjá nemanda.

Í samskiptum vegna barna með langvinnan heilsuvanda er hlutverk SHS* í öllum tilvikum að efla aðlögunarleiðir og styðja við meðferð. Þess vegna er einungis eitt hjúkrunarviðfangsefni (HV) undir þessum tilefnisflokki. Meiri athygli verður lögð á hjúkrunarmeðferð (HM) hér og ætlast til að meðferðaráætlanir verði skráðar.

## Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefni:

Skilgreining er gefin við HV í eftirfarandi töflu og taldar upp þær HM hugsanlega koma til greina. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að ‚afhaka' hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

| Hjúkrunarviðf.efni (HV) | Skilgreining | Hjúkrunarmeðferð (HM) |
|---|---|---|
| ☐ **Aðlögunarleiðir efldar og stuðningur við meðferð*** | Samskipti við forráðamann/ nemanda vegna langvinns heilsuvanda nemandans.<br><br>Nemandinn er aðstoðaður við að aðlagast innan skólasamfélagsins og/eða skólasamfélagið aðlagað að þörfum nemandans.<br><br>Stutt er við þá meðferð sem nemandinn þarf á að halda bæði í skóla og heima.<br><br>Foreldrar óska eftir því að barn þess fái lyf á skólatíma.<br><br>Dreifibréf Embætti landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum. | ☐ Aðstoð við reiðistjórnun<br>☐ Blóðsykur mældur<br>☐ Eftirfylgd<br>☐ Fræðsla til nemendahóps<br>☐ Fræðsla til skólasamfélags<br>☐ Heimferð<br>☐ Húðmeðferð<br>☐ Hvíld, umönnun og nærvera<br>☐ Kvíðagreiningaviðtal (ADIS)<br>☐ Kvíðameðferð<br>☐ Lyfjaumsjón<br>☐ Meðferð vegna bráðaofnæmis<br>☐ Meðferð vegna krampa<br>☐ Meðferð vegna sykurfalls<br>☐ Meðferðaráætlun<br>☐ Mæling á hæð og þyngd<br>☐ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Skilaskýrsla ÞH afhend deildarstj. sérkennslu<br>☐ Slökun<br>☐ Stuðningsviðtal<br>☐ Stuðningur innan skólasamfélags<br>☐ Stuðningur við fjölskyldu<br>☐ Upplýsingar mótteknar<br>☐ Upplýsingaöflun<br>☐ Virk hlustun<br>☐ Þátttaka á þverfaglegum fundum |

*SHS = Starfsmaður í heilsuvernd skólabarna